



## Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflökks Íslands mánudaginn 11. febrúar 2019 í Hlutverkasetri, Borgartúni 1, kl. 19:05 - 20:30.

Mætt voru: Sigrún E. Unnsteinsdóttir, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Reinhold Richter, Gunnar Smári Egilsson, Viggó K. Jóhannsson, Jóhann Helgi Heiðdal, Rán Reynisdóttir og Laufey Ólafsdóttir. Hjalti Hrafn Hafþórsson var með gegnum fjarfundabúnað.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð.

Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

### 1. Fundargerðir síðustu funda

Ítrekað að fundarmenn samþykki eða geri athugasemdir við fundargerðir.

### 2. Maístjarnan

Rætt var um stofnun félags strætófarþega. Samstaða var um mikilvægi þess að stofnmeðlimir þeirra félaga sem við tókum þátt í að stofna séu fjölbreyttur hópur og endurspegli vel hópinn sem félagið stendur fyrir.

### 3. Sósíalístakaffi í febrúar, súpueldhús í mars

Samþykkt að leigja posa fyrir uppákomurnar.

### 4. Sósíalistaþing

Samstaða var um að leggja á þinginu áherslu á mennsku sósíalísmanns og að stefnan byggi á kærleika, ennfremur að framsetning stefnunnar ætti að vera einföld og skýr. Bíó Paradís og Iðnó koma til greina til þinghaldsins, Iðnó skoðað sérstaklega.

### 5. Fjárhagur

Gjaldkeri gerði grein fyrir stöðu á reikningum. Flokkurinn: 605.416 kr. Maístjarnan: 1.698.216 kr.

## 6. Önnur mál

Jóhann er byrjaður að mynda tengsl við danska sósíalista.

Fundi slitið.